

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um tekjuskatta einstaklinga.

1. Hver var fjárhæð álagðra tekjuskatta (almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, útsvar og fjármagnstekjuskattur), barnabóta og vaxtabóta á hverju árunum 2002–2004, tilgreint á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi?

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir álagða tekjuskatta auk eignarskatta, barnabóta og vaxtabóta fyrir tekjuárin 2002–2004, álagningarárin 2003–2005.

(í milljónum króna)	Á verðlagi hvers árs			Á verðlagi ársins 2004		
	2002	2003	2004	2002	2003	2004
Almennur tekjuskattur	55.207	58.406	67.125	58.183	60.282	67.125
Sérstakur tekjuskattur	1.773	1.358	1.411	1.868	1.401	1.411
Fjármagnstekjuskattur	4.581	6.442	7.583	4.828	6.649	7.583
Tekjuskattar til ríkissjóðs	61.561	66.206	76.120	64.879	68.332	76.120
Útsvar til sveitarfélaga	59.995	63.043	69.048	63.229	65.067	69.048
Tekjuskattar alls	121.556	129.248	145.167	128.108	133.399	145.167
Eignarskattar	1.815	2.176	2.834	1.913	2.246	2.834
Barnabætur	5.002	5.133	5.035	5.272	5.297	5.035
Vaxtabætur	5.373	5.174	5.174	5.663	5.341	5.174

2. Hver var tekjuskattsbyrði einstaklinga á árunum 2002–2004 í heild og eftir tekjum og fjölskyldugerð? Með tekjuskattsbyrði er hér átt við álagða tekjuskatta (almennan tekjuskatt, sérstakan tekjuskatt, útsvar og fjármagnstekjuskatt) alls, að frádregnum barnabótum og vaxtabótum, sem hlutfall af heildartekjum (launum, lífeyri, rekstrartekjum, fjármagnstekjum o.s.frv.) viðkomandi einstaklinga. Í svarinu verði greint á milli einhleypra annars vegar og hjóna og fólks í sambúð hins vegar. Flokkun eftir tekjum miðist við að í hvern flokk komi 10% framteljenda raðað eftir fjárhæð heildartekna þannig að í neðsta flokkinn komi þau 10% sem lægstur heildartekjur hafa á hverju ári, í þann næsta þau 10% sem næst koma o.s.frv. Efsti flokkurinn verði þó sundurgreindur í tvennt þannig að í hvorn hluta komi 5% tekjuhæstu framteljendanna.

Við útreikninga til að svara framangreindri spurningu var tekjubilum skipt niður eftir ráðstöfunartekjum og stuðst við eldri sambærilega útreikninga á tekjubilum. Þegar miðað er við ráðstöfunartekjur er eignarskattur meðtalin. Ástæðan er sú að í næsta lið fyrirspurnarinnar er spurt um áhrif á tekjuskattsbyrði samkvæmt þessum lið ef tilteknar breytingar væru gerðar, þ.m.t. hækkun persónuafsláttar. Óskast fjárhæðir og hlutfallstölur miðaðar við tekjuárið 2004 (álagningarárið 2005) en þá var eignarskattur enn álagður. Sá hluti persónuafsláttar sem ekki er nýttur til greiðslu almenns tekjuskatts er meðal annars nýttur til að greiða eignarskatt. Önnur athugun á skattbyrði var gerð fyrir tekjuárið 2004 þar sem eignarskattar voru ekki meðtaldir og eru þær niðurstöður einnig birtar til samanburðar.

Eftirfarandi tafla sýnir skattbyrði sem hlutfall af heildartekjum eftir fjölskyldugerð og eftir tekjutíundum, nema fyrir efsta flokkinn sem skipt er í tvennt.

	Hjón/sambúðarfolk			Einhleypir		
	2004	2003	2002	2004	2003	2002
1	8,4	6,8	5,5	0,0	0,0	0,0
2	13,5	11,8	11,1	0,0	0,0	0,0
3	16,4	15,4	15,0	2,9	2,3	2,9
4	19,3	18,3	18,0	11,2	9,7	9,4
5	21,4	20,6	20,1	14,8	13,3	12,9
6	23,0	22,3	22,3	16,3	15,1	15,1
7	24,7	24,0	23,9	18,2	17,1	16,9
8	25,8	25,3	25,4	21,2	19,1	18,7
9	27,4	26,9	27,0	22,6	21,5	21,7
10	22,8	23,0	24,5	24,6	23,9	25,4
10:1	28,0	28,3	28,9	25,4	24,9	24,6
10:2	20,4	20,7	22,3	24,1	23,4	25,9

Tekjuskattsbyrði árið 2004 má sjá í eftirfarandi töflu. Eignarskattar eru hér ekki meðtaldir.

	Hjón/sambúð	Einhleypir
1	7,4	0,0
2	12,7	0,0
3	15,9	2,6
4	18,9	10,6
5	21,1	14,3
6	22,7	15,9
7	24,3	17,9
8	25,5	21,0
9	27,0	22,3
10	22,2	24,1
10:1	27,5	25,1
10:2	19,9	23,6

3. Hver yrðu áhrifin á tekjuskattsbyrðina í sundurliðun 2. liðar ef tekjusköttum væri breytt um 1,5 milljarða kr. og breytingin gerð með:
- lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins,
 - hækkun persónuafsláttar,
 - lækkun sérstaka tekjuskattsins,
 - hækkun fjármagnstekjuskatts?
- Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu? Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 10 milljarða kr. breytingu? Fjárhæðir og hlutfallstölur óskast miðaðar við tekjuárið 2004 (álagningarár 2005).

Neðangreind tafla sýnir skattbyrði hjóna og sambúðarfólks sem hlutfall af heildartekjum tekjuárið 2004 ef skattar væru lækkaðir um 1,5 milljarða kr., 5 milljarða kr. og 10 milljarða kr., annars vegar með því að breyta tekjuskattshlutfallinu og hins vegar með því að hækka persónuafsláttinn.

Hjón og sambúðarfólk.

	1,5 milljarða lækkun		5 milljarða lækkun		10 milljarða lækkun	
	Með breytingu á		Með breytingu á		Með breytingu á	
	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.
1	8,3	7,8	7,5	6,4	6,6	4,3
2	13,3	13,0	12,6	12,1	11,7	10,7
3	16,2	16,1	15,5	15,3	14,7	14,2
4	19,1	19,0	18,4	18,4	17,6	17,4
5	21,2	21,2	20,6	20,6	19,7	19,8
6	22,8	22,8	22,2	22,3	21,3	21,5
7	24,4	24,5	23,8	24,0	22,9	23,3
8	25,6	25,6	25,0	25,2	24,1	24,7
9	27,2	27,3	26,6	26,9	25,7	26,5
10	22,6	22,7	22,2	22,5	21,7	22,3
10:1	27,9	27,9	27,2	27,6	26,5	27,3
10:2	20,4	20,4	20,0	20,3	19,6	20,1

Fyrir einhleypa væri sambærileg tafla eftirfarandi:

Einhleypir.

	1,5 milljarða lækkun		5 milljarða lækkun		10 milljarða lækkun	
	Með breytingu á		Með breytingu á		Með breytingu á	
	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.
1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3	2,9	2,2	2,0	0,5	1,0	0,0
4	11,2	10,7	10,3	9,4	9,4	7,7
5	14,8	14,4	13,9	13,4	13,0	11,9
6	16,2	15,9	15,4	15,1	14,5	13,8
7	18,2	17,9	17,4	17,2	16,5	16,2
8	21,2	21,0	20,4	20,4	19,5	19,6
9	22,5	22,4	21,7	21,9	20,8	21,3
10	24,5	24,4	23,8	24,2	23,1	23,8
10:1	25,3	25,2	24,5	24,9	23,6	24,4
10:2	24,0	24,0	23,5	23,8	22,9	23,6

Varðandi beiðni um mat á áhrifum þess á tekjuskattsbyrðina að sérstakur tekjuskattur væri lækkaður um 1,5 milljarða kr. skal nefnt að álagður sérstakur tekjuskattur vegna tekjuársins 2004 nam um 1,4 milljörðum kr. Í töflunni hér á eftir eru því sýnd áhrif þess ef sérstaki tekjuskatturinn hefði verið felldur niður en ekki gert ráð fyrir sérstakri ráðstöfun á mismuninum á 1,5 milljörðum kr. og raunverulegri fjárhæð álagðs sérstaks tekjuskatts.

	<i>Hjón/sambúð</i>	<i>Einhleypir</i>
1	8,4	0,0
2	13,5	0,0
3	16,4	2,9
4	19,3	11,2
5	21,4	14,8
6	23,0	16,3
7	24,7	18,2
8	25,8	21,2
9	27,2	22,5
10	22,1	23,9
10:1	27,3	25,1
10:2	19,8	23,3

Hækkun fjármagnstekjuskatts um 1,5 milljarða kr. hefði eftirfarandi áhrif á skattbyrði sem hlutfall af heildartekjum eftir fjölskyldugerð og tekjutíundum, nema fyrir efsta flokkinn sem skipt er í tvennt.

	<i>Hjón/sambúð</i>	<i>Einhleypir</i>
1	8,5	0,0
2	13,5	0,0
3	16,5	2,9
4	19,4	11,2
5	21,5	14,9
6	23,1	16,4
7	24,7	18,3
8	25,9	21,3
9	27,5	22,6
10	23,6	24,9
10:1	28,3	25,4
10:2	21,5	24,6